

## Fyrsti fundur nýrrar stjórnar EBAK 4. apríl 2017

### 1. Fundargerð

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Jón Aðalsteinn Baldvinsson, Hallgrímur Gíslason, Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir og Kolbrún Kristjánsdóttir varamaður.

Fjarverandi nýju varamennirnir þeir Egill Jónsson og Garðar Lárusson.

Gestur Jónsson kom sem gestur.

- 1) Formaður setti fund og bauð nýjan stjórnarmann Halldóru Hrönn Höskuldsdóttur velkomna.
- 2) Fundargerð stjórnar frá 21. mars sl. var ekki tilbúin og bíður næsta fundar.
- 3) Fundargerð aðalfundar 27. mars sl. er í vinnslu Margrétar og Dóru ritaranna á fundinum. Allir stjórnarmenn voru sammála um að aðalfundurinn hafi gengið vel og skipulega fyrir sig þótt nokkrir færu áður en honum lauk. Nefnt var að einhverjir þeirra hefðu ætlað á kóræfingu kl. 16.15 í Víðilundi. Einnig kom fram í umræðunni að ferð fyrir eldri borgara á vegum Einingar-Iðju hefði verið á sama tíma og ferðanefnd EBAK var með ferðakynningu sína á ferðum sumarsins svo eldri borgarar sem eru bæði í Einingu Iðju og EBAK misstu af möguleikum á að skrá sig í ferðir á vegum EBAK á kynningarfundinum. Gott væri að reyna að skoða svona tímasetningar ef það er hægt.
- 4) Dagbókarfærslur stjórnarmanna í viðveru á skrifstofu EBAK.  
Margrét var 22. mars sl. og þá gekk einn í félagið. Dóra var 29. mars sl. Þá gekk ein kona í félagið og vildi fá að gefa EBAK flosaða mynd. Einnig hringdi ferðaskrifstofueigandi sem vildi bjóða eldri borgurum upp á ferðir. Erindinu vísað til ferðanefndar.
- 5) Þar sem þetta var fyrsti fundur nýrrar stjórnar EBAK eftir aðalfund félagsins 27. mars sl. kynntu fundarmenn sig í örstuttu máli.
- 6) Eftirfarandi atriði voru til umfjöllunar og upplýsinga á þessum fyrsta fundi nýrrar stjórnar:
  - a) Fundartími stjórnarfunda er yfirleitt fyrsti þriðjudagur í mánuði kl.10 -12 en þann 2. maí nk. kl. 13 -15.
  - b) Viðvera stjórnarmanna á skrifstofunni á miðvikudögum kl. 14 – 16 og sagt frá færslum í dagbók.
  - c) Lög félagsins. Stjórnin hefur samþykkt að prófarkalesa og prenta lög félagsins (á forminu A4/A5) þannig að þau séu ávallt tiltæk á skrifstofu EBAK og fari í möppur stjórnarmanna og formanna nefnda auk annarra gagna.
  - d) Í framkvæmdaráði sitja formaður, varaformaður, gjaldkeri og ritari. Gjaldkeri heldur utan um félagaskrána.
  - e) Fastanefndir félagsins. Halldór kynnti fastanefndirnar og sagði ögn frá þeirra störfum. Hann sagði einnig frá golfnefndinni og benti á að nefndastarfið væri hjartað í félaginu.

- f) Starfslýsingar nefnda EBAK. Lagabreyting sem gerð var á aðalfundi félagsins 2015 gerir ráð fyrir að allar nefndir á vegum félagsins starfi samkvæmt starfslýsingum. Þessar starfslýsingar hafa verið gerðar og samþykktar af stjórn félagsins.
- g) Heimasíða og facebookhópur félagsins. Heimasíðan fór í loftið í janúar 2014. Í desember 2016 skoðuðu hana 187 og 849 í mars sl. Facebookhópurinn var stofnaður sl. haust.
- h) Öldungaráð Akureyrarbæjar var stofnað í júlí 2014, þrjár fulltrúar eru frá félaginu og tveir frá Akureyrarbæ. Samhliða sveitarstjórnarkosningum er kosið í öldungaráð.
- i) Samfélagssvið Akureyrarbæjar. Bergljót Jónasdóttir er forstöðumaður tómsundastarfs Akureyrarbæjar í félagsmiðstöðvunum og aðaltengiliður bæjarins við EBAK. Starf Berljótar heyrir undir samfélagssvið bæjarins.
- j) Samkomulag (samningur) við Akureyrarbæ um rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu 1 o.fl. Samningurinn rennur út um næstu áramót.
- k) Notendaráð félagsmiðstöðvanna. Hallgrímur nefndi að ráðið eigi að vera tengiliður milli notenda og stjórnenda félagsmiðstöðvanna en verkefni þess hafa þróast í að vera óheppilega mikil vinna sérstaklega í tengslum við ýmsa viðburði og sýningar.
- 7) Gestur fyrrverandi gjaldkeri EBAK kom á fundinn til að aðstoða Dóru við að taka við gjaldkerastarfinu. Aðalmenn í stjórn þurfa að láta skanna skilríki sín vegna mála félagsins. Betra að nota þau skilríki sem hafa lengri gildistíma, s.s. vegabréf eða ökuskírteini. Eftir er að ganga frá lénmálum og koma því yfir á EBAK. Búið er að stofna greiðslukort fyrir gjaldkera félagsins til að auðvelda ýmis vörukaup o.fl. og til að fá Microsoft uppfærslur.
- 8) Nýja stjórnin skipti með sér verkum þannig að Halldór Gunnarsson verður áfram varaformaður, Margrét Pétursdóttir ritari og Dóra Steinunn Jónasdóttir tekur við sem gjaldkeri.  
Samþykkt var eftirfarandi röð varamanna í stjórn:  
1. Garðar Lárusson, 2. Egill Jónsson, 3. Kolbrún Kristjánsdóttir.
- 9) Framkvæmdaráð stjórnar tekur til starfa samkvæmt lagabreytingu aðalfundar 27. mars 2017. Í því sitja nú Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Margrét Pétursdóttir ritari og Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri.
- 10) Kosning tveggja aðal- og eins varafulltrúa EBAK í notendaráð félagsmiðstöðvanna í Bugðusíðu og Víðilundi.  
Aðalfulltrúar stjórnar EBAK voru Hulda Eggertsdóttir og Jón Aðalsteinn Baldvinsson og varafulltrúi Dóra Steinunn Jónasdóttir. Samþykkt að fela FKR að koma með tillögu um fulltrúa í ráðið á næsta stjórnarfund.
- 11) Ályktanir aðalfundar EBAK frá 27. mars 2017. FKR falið að senda ályktun A til LEB fyrir 22. apríl, ályktun B til Akureyrarbæjar og báðar til Vikudags og Akureyrarblaðsins.

- 12)** Landsfundur LEB verður haldinn í Hafnarfirði 23. og 24. maí nk. EBAK hefur rétt til að senda 4 fulltrúar. Eftirfarandi tillaga um fulltrúa var samþykkt: Haukur Halldórsson formaður (sjálfkörinn), Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Halldór Gunnarsson varaformaður, Margrét Pétursdóttir ritari og varamenn í þessari röð: 1. Hallgrímur Gíslason, 2. Jón Aðalsteinn Baldvinsson, 3. Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir, 4. Garðar Lárusson.
- 13)** Ársskýrslu EBAK (stutta samantekt) þarf að senda til LEB sem allra fyrst. Vísað til ritara.
- 14)** Fjárhagsáætlun EBAK fyrir 2017 dreift til stjórnarmanna. Fyrirverandi gjaldkeri EBAK hafði lagt hana fram á stjórnarfundi í mars sl. Umræðu frestað. Breytt innheimta árgjalda fyrir árið 2018 rædd og eftirfarandi bókun samþykkt: Framvegis verði árgjaldið greitt í heimabanka eða innheimt með gíróseðli. Hætt verði að taka við peningum Beiðnir um fjárstyrki hafa borist frá kórnum „Í finu formi,“ göngunefnd og ferðanefnd.
- 15)** Samþykkt að möppur með ákveðnum gögnum verði útbúnar fyrir stjórnarmenn og formenn nefnda félagsins. Málinu vísað til FKR til frekari úrvinnslu.
- 16)** Viðvera á skrifstofu ákveðin næstu miðvikudaga.
- Jón Aðalsteinn 5. apríl, Halldór 12. apríl, Haukur 19. apríl, Dóra 26. apríl.
- 17)** Næsti stjórnarfundur 2. maí. kl.13 – 15.30.
- 18)** Önnur mál.
- a) Krulla og boccia. Lítil þátttaka, Hallgrími falið að athuga aðsókn nk. fimmtudag.
  - b) Sumaropnun í félagsmiðstöðvunum vísað til FKR.
  - c) Fyrirspurn frá Búfesti: Hafa eldri borgarar á Akureyri áhuga á að vera með í byggingu lítilla íbúðablokka á félagslegum grunni?
- 19)** Fundi slitið.

Margrét Pétursdóttir  
ritari